



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

13. ágúst 2009
32. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar

www.kaffiedinborg.is



Hef alltaf reynt að lifa heilbrigðu lífi

– Hvítasunnukonan Guðbjörg Salóme Þorsteinsdóttir er orðin níræð. Hún ólst upp í moldarbæ inni í Djúpi, en hefur átt heima á Ísafirði meginhluta ævinnar. Í viðtali í miðopnu segir hún frá sjálfri sér og eiginmanni sínum, Fúsa í Salem sem allir þekktu, trúarreynslu og jákvæðum lífsviðhorfum.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Fjölmennti í aldarafmæli Skrúðs

Fjölmennti var viðstatt aldarafmæli skrudgarðsins Skrúðs í Dýrafirði á laugardag. „Á fjórða hundrað manns tók þátt í hátíðahöldunum sem fóru fram í stilltu og kyrru veðri. Athöfnin tókst þokkalega og ég held að fólk hafi notið veðursins sem og garðsins sjálfs sem hefur verið snyrtur og lagaður í sumar og skartar núna sínu fegursta“, segir Brynjólfur Jónsson, formaður stjórnar Framkvæmdasjóðs Skrúðs. Meðal gesta var Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. Boðið var upp á tónlistaratriði og Elfar Logi Hannesson birtist í gervi séra Sigtryggs Guðlaugssonar stofnanda garðsins og flutti leikþátt. Að athöfn lokinni var boðið upp á fiskisúpu og kvenfélagskonur frá Þingeyri bökuðu vöflur í gríð og erg og höfðu varla undan.

Í garðinum eru kjálkabein af einni stærstu steypireyði sem hefur verið fönguð við Ísland, en það var rétt fyrir aldamótin 1900. Unnið verður að því að koma beinunum til varanlegrar varð-

veislu og verða yngri bein sett upp í staðinn. „Beinin eru orðin gömul og í rauninni tímaspursmál hvenær þau muni brotna undan veðri og vindum. Það er því stefnt að því að þau verði tekin niður í haust svo hægt sé að varðveita þau“, segir Brynjólfur. Einnig verður haldið áfram framkvæmdum í garðinum á haustdögum en bæta á aðstöðu fyrir ferðamenn og umsjónarmenn garðsins. „Það er margt skemmtilegt í gangi og við höfum fengið góðan stuðning við verkið. Margir vilja leggja málefnum lið, bæði ráðamenn og einstaklingar. Fyrirtæki hafa styrkt okkur og margir hafa verið í sjálfboðavinnu í gegnum tíðina“, segir Brynjólfur.

Sérstaða Skrúðs umfram aðra garða er ekki síst tengd tilurð og tilgangi hans en í upphafi var hann hugsaður sem kennslugarður fyrir nemendur á Núpi. Séra Sigtryggur tíundaði mikilvægi ræktunar garðjurtu til fæðubótar og heilbrigðis og má segja að sú hugsun hafi á þeim tíma verið



Fjölmennti var við hátíðarhöldin.

langt á undan samtímanum. „Garðurinn er stórmerkilegur í garðyrkjusögu landsins. Það er skemmtilegt að sjá hvað menn gerðu fyrir hundrað árum í ræktun. Núna er verið að huga að gildum lífrænar ræktunar aftur

og því gaman að vita af því að menn voru farnir að hugsa um þetta fyrir hundrað árum síðan“, segir Brynjólfur.

Brynjólfur segir Skrúð einnig vera mikilvægan fyrir ferðamennsku á svæðinu. „Það er einn

fastur liður hjá ferðamönnum að kíkja við í garðinn þegar þeir koma vestur. Að því leiti er hann mjög mikilvægur því hann er svo ólíkur öðru sem er í boði á Vestfjörðum.“

– thelma@bb.is



Núpskirkja var vígð 17. september 1939.

Núpskirkja 70 ára

Núpskirkja í Þingeyrarprestakalli fagnar 70 ára afmæli í ár og af því tilefni var haldin hátíðarmessa á laugardag. Núpur er fornt höfuðból og nú skólasetur og kirkjustaður við norðanverðan Dýrafjörð. Kirkjan var byggð úr steinsteypu á árunum 1938-1939 og vígð 17. september 1939. Að því er fram kemur á nat.is sá embætti húsameistara ríkisins um teikningu hennar en allt innandyrna var gert samkvæmt teikningum og fyrirsögn séra Sigtryggs Guðlaugssonar á Núpi. Guðmundur Jónsson, myndskeri frá Mosdal, skar út tákn og letur á prédikunarstólinn, kirkjubekki, gráturnar, söngloftsbrún og hörpu á sönglofti. Gréta og Jón Björnsson máluðu og myndskreyttu kirkjuna.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Hjartalæknir

Hjartalæknir verður með móttöku á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði 17. til 19. ágúst nk.

Tímapantanir eru í síma 450 4500 alla virka daga frá kl. 08:00 til 16:00.



Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Einar Karl Haraldsson aðstoðarmaður hans voru á meðal gesta í aldarafmæli Skrúðs.

Ferðamönnum fjölgar á Vestfjörðum en fækkar á landsvísu

Samkvæmt upplýsingum frá greiningardeild Íslandsbanka hefur erlendum ferðamönnum á Íslandi fækkað um 4% í júní miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta þykir tíðindum sæta á Vestfjörðum því látið hefur verið að því liggja að aukningin á Vestfjörðum nemi um 30% í ár. Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, sagði í samtali við blaðið fyrir stuttu, fjölgun erlendra ferðamanna vera afar ánægjulega því þeim hefði ekki

fjölgað á landsvísu. „Eitthvað hljóta þeir að vera að sækja hingað vestur,“ sagði Jón Páll. Tíðindin af auknum ferðamannastraumi til Vestfjarða er þó ekki það eina ánægjulega fyrir aðila innan ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum því erlendu ferðamennirnir eyða um 90% meira í ár samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Global Refund.

Að því er fram kemur á vefsíðu Samtaka ferðaþjónustunnar hafa

danskir ferðamenn aukið eyðslu sína mest eða um 150%. Veltu þeir Bandaríkjamönnum úr efsta sætinu en þeir voru eyðsluglöðustu ferðamennirnir hér á landi. Þeir eru nú í þriðja sæti. Frakkar, Þjóðverjar, Ítalir og Hollendingar hafa einnig aukið eyðslu sína hérlandis. Um 20% meira er endurgreitt í ár af virðisaukaskatti til ferðamanna á leið úr landi en meðalgreiðsla til hvers manns er nú um 14.500 krónur.

– birgir@bb.is

SPARI DAGAR

2.0.0.9

15% afsláttur

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNÍ

af AEG þvottatækjum,
kæliskápum, ofnum,
helluborðum, gufu-
gleypum og ryksugum

LAVAMAT 62840 / 64840



AEG ÞVOTTAVÉL

Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar
þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivistuafköst: B
Orkuflokkur: A+

· 1200 snúningar / mín. · 1400 snúningar / mín.
LISTAVERÐ: 124.900,- LISTAVERÐ: 134.900,-
á Sparidögum: á Sparidögum:
99.900,- 109.900,-



AEG KÆLISKÁPAR MIKIÐ ÚRVAL - MARGAR STÆRÐIR 15% AFSLÁTTUR

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNÍ

MEIRIHÁTTAR STÁLTÆKI Í ELDHÚSIÐ



· AEG OFN [B-3051-S-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VEGGHÁFUR [8060-D-M]

LISTAVERÐ: 270.700,-
á Sparidögum:
189.900,-
ÞÚ SPARAR 80.800,- kr.



**30%
afsláttur**



≈ 3 TÆKI
= PAKKA
= TILBOÐ =



POTTAR OG PÖNNUR
20% AFSLÁTTUR



brabantia
HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA
20% AFSLÁTTUR



EDALHNÍFAR Í ELDHÚSIÐ
20% AFSLÁTTUR



· AEG OFN [B-4101-S-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VIFTA [DS70-M]

LISTAVERÐ: 304.700,-
á Sparidögum:
209.900,-
ÞÚ SPARAR 94.800,- kr.



≈ 3 TÆKI
= PAKKA
= TILBOÐ =

Verbatim
Verbatim-47512

Harður
diskur
1 terabít
- í húsi



LISTAVERÐ: 27.900,-
á Sparidögum:
22.900,-

Skullcandy
Heyrnartól
Magnað úrval!
15% AFSLÁTTUR



Verbatim



Heyrnartól með hljóðnema
LISTAVERÐ: 2.390,-
á Sparidögum:
1.690,-



AEG
SMÁTÆKI

20% AFSLÁTTUR



FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
20% AFSLÁTTUR

GEISLASPILARI · ÚTVARP · Ipod VAGGA

Spilar MP3, CD-R/RW
Magnari: 2 x 80W RMS
Innbyggð iPod vaggja
AM/FM útvarp með RDS
og 40 stöðva minni



SHARP
SAMSTÆÐA

LISTAVERÐ: 64.900,-
á Sparidögum:
49.900,-



Pioneer
Bílhátalarar
15% AFSLÁTTUR

UNDURFÖGUR MYND

SHARP
32" LCD SJÓNVARP

LISTAVERÐ: 159.900,-
á Sparidögum:
139.900,-



SHARP - LC-32DH65

VELDU VANDAÐ — ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

PRISTUR

PRISTUR // HAFNARSTRÆTI 12 // ÍSAFIRÐI // SÍMI 456 4751

ORMSSON

Gistinótt-um fækkaði

Gistinóttum á hótélum fækkaði hlutfallslega mest á landinu í júní á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Fækkaði þeim úr 14.700 í 12.300 í sama mánuði í fyrra eða um 17%. Gistinætur á hótélum í júní á landinu öllu voru 147.900 talsins en voru 155.800 í sama mánuði árið 2008, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum nema á Suðurlandi.

Gistinóttum á hótélum í júní fækkaði um tæp 11% milli ára meðal Íslendinga en fjöldi gistinátta erlendra ríkisborgara eykst um 4%. Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

Nýir eigendur að Björgmundi

Ólafur Jens Daðason og Gunnar Torfason í Bolungarvík festu nýverið kaup á bátnum Björgmundi ÍS 49. Björgmundi hefur verið gefið nýtt nafn, Hrólfur Einarsson ÍS 255, og er ráðgert að hann hefji veiðar síðar í þessum mánuði. Beitningavél var í Björgmundi og hefur hún verið fjarlægð. Í staðinn er gert ráð fyrir að ráða sex beitningarmenn sem þýðir tíu ný störf fyrir Bolungarvík með þeim sjómönnum sem verða á Hrólfi. Að sögn Ólafs Jens á útgerðin engar aflahéimildir og mun því verða á leigumarkaði.

Utanvegaakstur á skíðasvæðinu

Borið hefur á því að ekið hafi verið utan vegar á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal. Að sögn Ralf Trylla, umhverfisfulltrúa hafa fundist för eftir svokölluð krossara og fjórhjól. Ralf segir öku-mennina eyðileggja gróður með þessu athæfi sínu en þeir hafa ekið á svæði sem Veraldarvinir hafa unnið hörðum höndum að gróðursetningu til að sporna gegn landeyðingu. „Utanvegaakstur eyðileggur ekki gróðurinn í fyrstu en förin sem skilin eru eftir valda því að vatn rennur niður hlíðina líkt og árvatn sem veldur sívaxandi landeyðingu.“



Inn að beíni

Sigurvin Guðmundsson þekkja kannski ekki allir persónulega en margir kannast þó við hann. Hann ólst upp í Bolungarvík og á ættir sínar að rekja að Ingjaldssandi. Sigurvin starfar hjá endurvinnslustöð í Reykjavík. Hann er mikill lífskúnster og er óhræddur við a feta slóðir sem aðrir hræðast og engin málefni eru feimnismál fyrir hann. Sigurvin leitar ótt og títt svara við tilgangi lífsins í ræðum og riti og hefur borið fram merkilegar kenningar fyrir samferðamenn sína um samskipti kynjanna. Hann er mikill gleðigjafi og er stutt í spunann og glensíð og fer létt með að kæta mestu fylupúka. Sigurvin segir konur vera mesta uppgvötun lífs síns. Engihjallinn í Kópavogi er fallegasti staður Íslands og fyrsti skemmtistaðasleikurinn er skondnasta uppgvötunin hans.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að hætta í menntaskóla og fara ekki út á sjó.

Hvar langar þig helst að búa?

Í Bolungarvík.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar ég fattaði að ég væri fallegur að innan sem utan.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Að fá ekki námslán frá LÍN.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Konur.

Uppáhaldslagið?

Both sides now - Joni Mitchell.

Uppáhaldskvikmyndin?

The Notebook.

Uppáhaldsbókin?

Playful parenting.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Skólaferðalagið í 10.bekk til Danmerkur.

Uppáhaldsborgin?

Ég er ekki svo retro að geta gert upp á milli borga.

Besta gjöfin?

Ég sjálfur en ég gleymi mér allt of oft.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Ekki frekar en ég væri krækiber.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Tölvunnar.

Fyrsta starfið?

Beitningarmaður.

Draumastarfið?

Pingmaður.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Will Ferrell, John C. Reilly og Daniel Bedingfield og Eggert Þorleifsson.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Engihjallinn í fallegur veðri.

Skondnasta upplifun þín?

Fyrsti skemmtistaðasleikurinn minn.

Aðaláhugamálið?

Fótbolti.

Besta vefsíðan að þínu mati?

fotbolti.net.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Bakari en kennarinn sagði mig bara baka vandræði, hætti þá við.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Get glatt fólk af minnsta tilefni.

En helsti löstur?

Er svolítið seinvirkur.

Besta farartækið?

Bíll.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Þorláksmessa að sumri.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Lít ekki upp til neinnar manneskju en á það til að líta niður á fólk.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Hannes.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Kvöldin og nóttinni.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Tvíburunun.

Lífsmottóið þitt?

Maður er manns gaman og er allt er gott í hófi þó svo að hóf sé gott í hófi.

AUKAKRÓNUR

Aukakrónur fyrir Ísafirðinga – og alla aðra

Aukakrónurnar gilda að sjálfsögðu líka á Ísafirði. Þú notar A-kortið þitt, safnar Aukakrónum og notar þær hjá næsta samstarfsaðila – hvort sem er á Ísafirði eða annars staðar. Einfaldara getur það ekki verið.

Sæktu um A-kort á www.aukakronur.is

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080



A-kortin
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig



Landsbankinn



Samstarfsaðilar Aukakróna Ísafirði

Betra Bak	3,00%*
Office1	5,00%*
Ormsson-Þristur	3,00%*
Birtingur (tímarit)	6,50%*
Iceland Express	1,50%*
ÓB	1,00%*
Stöð 2	2,00%*
Tal	2,00%*
Úrval útsýn	0,80%*
Sumarferðir	0,80%*
Plúsferðir	0,80%*

410 4000 | landsbankinn.is

* Endurgreiðsla í Aukakrónum. Sjá nánar á www.aukakronur.is

Spurningin

Ertu sátt(ur) við það sem þú kaust í síðustu alþingiskosningum?

Alls svöruðu 478.
Já sögðu 326 eða 68%
Nei sögðu 129 eða 27%
Óvíst sögðu 23 eða 5%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hægviðri, skýjað að mestu og dálítill væta í flestum landshlutum. Milt veður. **Horfur á laugar-dag:** Hægviðri, skýjað að mestu og dálítill væta í flestum landshlutum. Milt veður. **Horfur á sunnu-dag:** Útlit fyrir suðvest-læga átt með vætu vestanlands, en björtu veðri eystra. Áfram milt í veðri.

**Það er ódýr-
ara að vera
áskrifandi!
Síminn er
456 4560**

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X

Halldór er tekjuhæsti sveitar- stjórnarmaðurinn á Vestfjörðum

Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hafði mestar tekjur vestfírskra sveitarstjórnarmanna samkv. tekjublaði Mannlífs. Meðal mánadartekjur Halldórs voru samkvæmt úttekt blaðsins kr. 1.344.098. Næstur kemur Elías Jónatansson, bærarstjóri í Bolungarvík með rúmar 783 þúsund krónur á mánuði, þá kemur Svanlaug Guðnadóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar með 686 þúsund krónur, þá Ómar Már Jónsson,

sveitarstjóri í Súðavík með 647 þúsund krónur, þá Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga með tæpar 645 þúsund, þá Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri í Strandabyggð með 602 þúsund og Anna G. Edvarsdóttir, formaður bæjarráðs Bolungarvíkur með 411 þúsund króna meðaltekjur á mánuði.

Jenný Jensdóttir, sveitarstjóri á Drangnesi var með 377 þúsund krónur mánadartekjur á síðasta ári samkvæmt útreikningum blaðs-

ins og Birna Lárusdóttir, forseti bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar var með 207 þúsund á mánuði. Í tekjublaði Frjálsrar verslunar er Jón H. Oddsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar sagður með 1.365.000 krónur í meðaltekjur á mánuði á síðasta ári. Á lista yfir aðila vinnumarkaðsins er Finnþogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga sagður með 482 þúsund krónur á mánuði sem er margfalt minna en starfsbræður hans á suðvesturhorninu höfðu í tekjur

á síðasta ári.

Á lista Mannlífs yfir þá einstaklinga sem starfa í opinberri stjórnsýslu eru fjórir vestfirskir einstaklingar. Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði er sögð með tæpar 924 þúsund á mánuði, Jónas Guðmunds-son, sýslumaður í Bolungarvík er með 839 þúsund, Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður á Patreksfirði er með 780 þúsund og Rósa Helga Ingólfssdóttir, skattstjóri Vestfjarðaumdæmis er sögð með 645 þúsund krónur í meðaltekjur.



Keppendur voru ellefu talsins. Mynd: Björn Helgason.

María sigraði á kvennapúttmóti eldri borgara

María Gísladóttir sigraði á kvennapúttmóti sem fór fram á púttvelliinum á Torfnesi á föstudag. Þátttakendur voru konur 60 ára og eldri og mættu ellefu til keppni í mjög góðu veðri en völlurinn er í góðu standi eftir rigningar undanfarna daga. María vann Ástu Jakobsdóttur í bráðabana en þær voru báðar með 42 högg. Arndís Ólafsdóttir hafnaði í þriðja sæti á 44 höggum. Mótið fór vel fram en mun færri konur mættu en æfa því um 20 konur æfa reglulega á velliinum. Mótanefnd eldri borgara sá um mótið.

Ritstjórnargrein

Þröngur stakkur

Allt fram að sameiningu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps bjó höfuðstaður Vestfjarða aðkreptur landfræðilega við séð. Nú eru breyttir tímar. Flatarmál hinnar fornu Eyri við Skutulsfjörð hefur margfaldast og með umfangsmikilli sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum leit Ísafjarðarbær dagsins ljós, víðfemt sveitarfélag með fjórum byggðakjörnum.

Skipulagsmál eru alla jafnan flókin og fjárfrek. Fyrir því liggja margar ástæður. Allar ákvarðanir í þeim efnum verða því að grundvallast á langtíma áætlunum, sem frekast er kostur. Mistök reynast oftast afar dýrkeypt og í mörgum tilfellum verða þau ekki bætt. Eðli málsins samkvæmt eru skipulagsmál þó ávalt til endurskoðunar vegna breyttrar þjóðfélagsmyndar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá aukningu sem orðið hefur á bílaflota landsmanna frá því sem var fyrir nokkrum árum, að ekki sé litið áratugi um öxl. Vandamálin samfara tröllauknum blikkbeljubúskap landsmanna blasa við hvort sem horft er til þjóðvegakerfisins eða einstakra sveitarfélaga. Ísafjarðarbær er einn undantekning í þessum efnum. Um langt tímabil hefur þjóðvegurinn í gegnum bæinn legið um þröngar íbúðargötur.

Bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ bíður erfið ákvörðun um lausn

þessa máls. Þótt líklegt sé að bið verði á framkvæmdum þarf að taka afstöðu til málsins vegna endurskoðunar á aðalskipulagi bæjarins. Um þetta segir m.a. í bréfi Vegagerðarinnar til Ísafjarðarbæjar þar sem kynntar eru tvær tillögur með heldur víðalítlum frávikum: „Það er ljóst að ekki eru margir möguleikar fyrir hendi að tryggja til fram-búðar góða og örugga þjóðleið þarna í gegnum bæinn. Vegagerðin telur einn besta kostinn að gera Sólgötuna að tveggja akreina veg.“

Hugmynd Halldórs Halldórssonar, bærarstjóra, um breytta legu Hnífsdalsvegar með innkomu við Pumlungsgötu, nýjan veg meðfram kirkjugarði inn á Hafnarstræti ofan bílastæðis kirkjunnar með tengingu við hringtorgið, er fullrar athygli verð. Ef til vill vegur þýngst í þeim efnum að með þessu yrði umferðinni beint frá þröngum íbúðargötum að opnara svæði og gömul fallæg hús með sögu að baki þyrftu ekki að víkja. Það hlýtur að vera markmið að þetta byggðina á eyrinni, sem frekast er unnt. Varla verður vandamál að finna leikskólanum Eyrarskjóli annan samastað.

Hvernig sem á málið er litið blasir við að enginn sérlega góður kostur er í stöðunni. Okkur er þröngur stakkur sniðinn. Því ber að vanda vel til verks. Sterk rök verða að liggja fyrir þeirri leið sem valin verður.

s.h.



Ferskur kjúklingur 1/1

593 kr/kg

Verð áður 898 kr/kg

34%
afsláttur



Frábær verð!



30%
afsláttur

Saltkjöt, valið
1.329 kr/kg
Verð áður 1.899 kr/kg



25%
afsláttur

Casa Fiesta dagar



25%
afsláttur

Nautahakk
Úr kjötbörði
997 kr/kg
Verð áður 1.329 kr/kg



30%
afsláttur

Grill svínakótilettur
1.189 kr/kg
Verð áður 1.698 kr/kg



Lambasúpukjöt, valið
Úr kjötbörði
1.385 kr/kg
Verð áður 1.799 kr/kg



X-tra safar 1,5l
appelsínu- eða eplasafi
279 kr/stk.
Verð áður 349 kr/stk.



6 kjúklingabitar
franskar og 2L Coke
1.298 kr.
Tilboðið gildir
fimmtug og föstudag

www.markhonnun.is

Gildir 13. - 16. ágúst
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRÐUR

Guðbjörg Salóme Þorsteinsdóttir hefur um langan aldur átt heima við Pólgötuna á Ísafirði. Hún er níræð að aldri, fædd 8. janúar 1919, rétt þegar heimsstyrjöldinni fyrri var nýlokið og frostaveturinn mikli að baki. Eiginmaður hennar var Sigfús Bergmann Valdimarsson, eða Fúsi í Salem, eins og allir Ísfirðingar og miklu fleiri þekktu hann. Sigfús var langa ævi sístarfandi á vegum Hvítasunnukirkjunnar Salem á Ísafirði og ekki síst þekktur fyrir að fara um borð í erlend skip og gefa áhöfnum þeirra margvíslegt uppbyggilegt lesefni og minna menn á vegu Drottins. Sjálfur var hann sjómaður á ungum aldri og kynntist ýmsu. Guðbjörg varð líka snemma Hvítasunnukona af lífi og sál og er það enn. Hún er sáttt við lífið og tilveruna þegar hún lítur yfir farinn veg. Sumir segja að það sé einmitt það allra mikilvægasta fyrir hverja mannesku. Fúsi í Salem var Húnvetningur að uppruna, fæddur árið 1911. Þegar þau Guðbjörg kynntust var hann fluttur til Vestmannaeyja. Þau bjuggu allan sinn búskap á Ísafirði en Sigfús andaðist árið 1997, liðlega hálfníræður að aldri. Guðbjörg fæddist í Hörghlíð í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi og voru foreldrar hennar Ingibjörg Sigurðardóttir og Þorsteinn Friðgeir Halldórsson.



Á gott með að komast yfir erf- iða hluti og gleðjast yfir því góða

– segir Guðbjörg Salóme Þorsteinsdóttir, níræð hvítasunnukona á Ísafirði

„Móðir mín var fósturdóttir hjónanna í Hörghlíð en pabbi kom þangað sem vinnumaður. Svo eignuðust þau aðra dóttur þar. Þau fóru síðan að búa saman árið 1924, þegar þau fóru frá Hörghlíð og settust að í Vogum í Ísafirði í Djúpi, sem voru í sömu sveit, og hófu búskap þar.“

Og í Vogum ólst Guðbjörg Salóme upp. Árið 1937 fluttust foreldrar hennar aftur í Hörghlíð og tóku við jörðinni og gömlu hjónin voru hjá þeim. Guðbjörg átti heimili í Hörghlíð allt fram til 1946, þó að hún væri þar ekki alltaf, eða þangað til hún var gift og flutti búsetuna til Ísafjarðar.

– Hvenær kynntust þið Sigfús?
„Leiðir okkar lágu fyrst saman árið 1944 á móti hjá Hvítasunnu-

mönnum. Við kynntumst samt ekki svo heitið gæti þá strax.“

Þau Sigfús giftust árið 1945. „Við bjuggum saman í 52 ár eða rúmlega það“, segir Guðbjörg.

Þau hófu búskap sinn á Ísafirði árið 1946.

„Hann var eggjaður svo mikið á að koma til Ísafjarðar og hjálpa til í Hvítasunnusöfnuðinum. Hann sagði bara: Ef ég fæ húsnæði og vinnu, þá skal ég koma. Hann lofaði að vera hér í tvö ár en var í fimmtíu og tvö ár.“

Lærði saumaskap

– Það hefur margt breyst á Ísafirði á þessum tíma frá því að þið Sigfús byrjuðuð ykkar búskap

hér.

„Já, og ennþá meira breyst frá því að ég var hér fyrst í tvo vetur þegar ég var ung. En þegar ég flutti hingað alkominn voru stríðs-árin rétt að baki.“

– Hverjar eru þínar helstu minningar um Ísafjörð fyrstu veturna þína hér?

„Ég var í vist hjá fósturbróður hennar mömmu og konunni hans í tvo vetur og var að myndast við að læra að sauma seinnipart daganna. Ég kynntist eiginlega öllu fólki í nágrenninu og man vel eftir því enn.“

Afkomendurnir flestir farnir

Þau Guðbjörg og Sigfús eignuðust fimm börn. Þar af komust fjögur upp og eru þau öll á lífi en eitt fæddist andvana. Sigfús átti son áður.

„Núna þekki ég fáa hér því að afkomendur mínir eru flestir fluttir í burtu. Ég vissi það alltaf að börnin mín flest myndu ekki ílendast hér.“

Drottinn gerði þetta

– Hvítasunnustarfið var mikil hugsjón hjá Sigfúsi heitnum.

„Já, og sérstaklega sjómanna-starfið. Þegar hann var ungur var hann kannski drykkfelldur og eitthvað svona. En það breyttist snögglega. Hann tók á móti Kristi og frelsaðist, eins og við köllum

það.

Jafnframt skipti hann alveg yfir hvað lífshætti varðar án þess að taka í rauninni eftir því sjálfur. Hann hætti að drekka, hann hætti að reykja og hann hætti að blóta. Hann var þá sjómaður í Vestmannaeyjum og félagar hans fóru að taka eftir þessu. Sjálfur hafði hann ekkert fyrir því.

Það var Drottinn sem gerði þetta. Því verður ekki á móti mælt þegar menn skipta svona snögglega um.

Eftir þetta hafði hann alltaf áhuga á sjómannastarfinu. Hann hafði góða uppfræðara. Það var mjög góður maður, Jóhann Sigurðsson, sem leiddi hann á fyrstu samkomuna og kenndi honum fyrst.“



Ekki gestkvæmt lengur

– Varstu alltaf heimavinnandi húsmóðir, eins og það er kallað?

„Já, það má segja það. Síðustu árin fór ég að vinna við ræstingar og annað slíkt og tók eitthvað heim af saumaskap fyrir verslanir.“

– Var gestkvæmt á heimili ykkar?

„Ég býst við að það sé talið svo. En það er ekki þannig hjá mér lengur.“

Núna er Guðbjörg í sambandi við fólk á netinu.

„Já. Krakkarnir settu mig þarna og mynd af mér. Svo talaði við mig einhver stúlka á Morgunblaðinu. Ég hef gaman af þessu. Þetta minnir mig á gamla daga þegar maður auglýsti eftir bréfasambandi í Æskunni og fékk fullt af bréfum og skrifaðist á við fólk hingað og þangað.“

– Hvað ertu annars helst að sýsla frá degi til dags?

„Ég? Eldgömul konan? Ég reyni að halda heimilinu við. Og ég er svo heppin að frænka mín ein borðar alltaf hjá mér í hádeginu, við borðum saman. Sonur minn sem býr hérna fyrir vestan

borðar oftast í hádeginu hjá mér líka. Vinnustaður hans er hérna rétt hjá mínu heimili og stutt fyrir hann að skreppa í mat. Þannig hef ég eitthvað til að dunda við.“

Björtustu minningarnar

– Þegar þú lítur yfir farinn veg, hverjir eru eftirminnilegustu viðburðirnir á ævi þinni?

„Það er þegar ég kynntist Jesú Kristi og því kristilega samfélagi sem ég er í og öllu sem því tengist. Þetta var mjög gleðjandi og maður horfði fram til bjartari vona um allt. Björtustu minningarnar eru um þetta.

Auðvitað hefur líka brugðið yfir skuggum í lífinu. En ég á gott með að komast yfir erfiða hluti og gleðjast yfir því góða. Það situr ekkert í mér sem mér hefur þótt raunalegt eða eitthvað í þá veru.“

Heilbrigðir lífshættir

– Hefur þú verið heilsugóð alla tíð?

„Já. Ég hef aldrei verið sérlega

sterk en ég hef verið heilsugóð, eftir því sem maður myndi segja.“

– Hverju þakkarðu það helst?

„Guð hefur gefið mér þetta. Kannski er það ætternið líka. Og heilbrigðir lífshættir. Ég hef alltaf reynt að lifa heilbrigðu lífi og hef hugsað mikið um mataræði eftir því sem ég hef getað.“

– Er eitthvað sérstakt sem þú hefur viljað gera öðruvísi á lífsleiðinni, þegar þú lítur til baka?

„Sjálfsagt margt. Ekkert sem hefur haft afdrifaríkar afleiðingar, en margt hefði ég viljað gera betur. Sumt hefur mistekist í lífinu en sumt hefur gengið vel. Ég get ekki annað en lagt það í Guðs hendur.“

– Ertu sátt við æviferilinn?

„Já, ég er það.“

Ólst upp í moldarbæ

– Þegar þú varst að alast upp inni í Djúpi, þá var heimurinn annar en nú, hvort heldur atvinnuhætti varðar eða flest annað í daglegu lífi.

„Það er alveg rétt, það var annar heimur. Maður þekkti ekkert annað í fámennri sveit á þeim

árum. En maður horfði náttúrlega fram á veginn og gladdist yfir betri tímum. Ég lifði á þessum umbrotatímum þegar Íslendingar voru að koma út úr moldarkofunum og eignast fín heimili og allt fór að ganga betur.

Ég man eftir moldarbæjum. Það var moldarbær í Vogum þegar við fluttum þangað. Sjálfsagt var þó gott hús í Hörgshlíð þar sem ég fæddist. Burstabær þiljaður í hólf og gólf og nokkuð margar vistarverur. Í Vogum var þröngt og moldarveggir og moldargólf fyrstu árin þangað til þabbi byggði.“

Dásamleg upplifun

– Einhver stund á samkomum Hvítasunnunnanna sem þú minnst öðrum frekar?

„Þær eru reyndar mjög margar. Þaðan á ég margar kröftugar og góðar minningar. Margt sem var öðruvísi á fyrri tíð en núna, þegar ég er orðin gömul kona.

Ég man eftir heilagsandavakningum og þegar fólk talaði nýjum tungum, bæði ég og aðrir. Það voru dásamlegar stundir sem við kölluðum að skírást í heilögum

anda. Það er erfitt að útskýra þetta. Þá gátu allir verið vissir um sína sáluhjálp. Ég hugsaði mikið um þetta og bjóst ekki við því að ég myndi öðlast þessa reynslu. En það gerðist. Það var alveg einstök tilfinning.

Ég var búin að hugsa hvað þetta fólk væri fullkomið og ég væri ekki þannig. Svo var það eitt sinn að ég var á skipi á leiðinni frá Akureyri til Siglufjarðar. Veðrið var ekki mjög gott. Ég var að biðja til Guðs í kojunni og ég varð svo hamingjusöm að ég hugsaði hvort ég hefði ruglast eða eitthvað. Ég þorði ekki að segja nokkrum lifandi manni frá þessu. Hélt að ég hefði hrint þessu frá mér og þyrði ekki að kannast við það.

En svo gerðist það á samkomu. Allt í einu fór ég að tala og allir tóku eftir því að ég skipti yfir í annað tungumál. Það var alveg dásamleg upplifun. Ég held að það sé gert minna af því að tala um þetta í dag, að minnsta kosti sums staðar.

En núna hefurðu heyrt í konu sem hefur upplifað þetta!“ , sagði Guðbjörg Salóme Þorsteinsdóttir.

– hpm

Bloggið

Jólagjöfin í ár

Það sárvantar yfirlitsbók, uppflettirit þar sem fjallað er um helstu gerendur í hruninu og glæpahyskið sem á sök á auknum byrðum almennings. Þar þarf að fjalla um auðmenn, bankamenn, ráðherra, þingmenn og fleiri sem bera ábyrgðina á klúðrinu. Þá sem sátu beggja vegna borðs. Þá sem dældu fjármagninu í eigin vasa. Þá sem settu fyrirtæki á hausinn, eftir að hafa hreinsað úr þeim alla fjármuni. Þá sem skiptu um kennitölur til að halda áfram að okra á fólki og hafa af því fé. Þá sem svindluðu á samborgurum sínum og bundu þennan bagga á bakið á venjulegum skuldurum. Þá sem fengu kúlulán. Þá sem fengu lán án veðs og ábyrgða. Þá sem veittu slík lán. Þá sem áttu að sinna eftirlitinu en sváfu á verðinum. Alla þá sem ekki kunna að skammast sín. Allt þetta ömurlega lið. Myndir þurfa að fylgja, svo við getum þekkt þetta fólk í framtíðinni, varað okkur á því og neitað því um viðskipti, þjónustu og atvinnu. Svo við getum passað okkur að kaupa ekki söluvarning þess og versla ekki við fyrirtækin sem það á.

Jón Jónsson – <http://dvergarnir7.blog.is>

Að stela...

...En nú vill svo til að ég sá mér leik á borði hér um daginn [...] þegar ég var staddur í hættulegri nálægð við ágæta snyrtistofu í vestfirsku sveitarfélagi. Ég tók mig til og nöldraði svo í hár-greiðslukonunni að hún lét undan og aflitaði á mér hárið - gerði það með öðrum orðum hvítt! [...] Hvíta hárið var kannski ekkert svo flott á manni kominn á fimmtugsaldur og alls ekki í stíl við restina af mér. Konan auðvitað ósátt og bauð mér að flytja út eða láta laga á mér skallann. Ég tók síðari kostinn og dreif mig í viðgerð. Þar voru gerðar ýmsar tilfæringar enda ekkert auðvelt að endurlita slíka hvíta lokka - og gera sannfærandi. Eftir nokkrar umferðir vorum við sammála ég og litli rakarinn knái að nú væri þetta líklegast eins gott og hægt væri - miðað við aðstæður. Ég leit út eins og aðalleikari í B mynd - svona fjölþjóðamynd. [...]En gamanið átti nú eftir að kárna þegar ég skömmu síðar er staddur í fínu matarboði með sjálfum bæjarstjóranum. Og hann lítur á mig sem snöggvast mælir út á mér hárið og dregur augað í pung - segir svo hátt og snjallt – „Þorleifur...þú ert með hárlitinn hans Villa Valla“ – „gaf hann leyfi ?!“

Þorleifur Ágústsson – <http://tolliagustar.blog.is>

Vegaframkvæmdir

[Það] er alveg ástæðulaust að tvöfalda Suður- og Vesturlandsveg. Fyrir liggur að ástæða tappa-myndunar í umferð á þessum svæðum eru hin fjölmörgu hringtorg. En hringtorg eru í eðli sínu til þess gerð að draga úr umferðarhraða. Það er líka vægast sagt fáránleg umræða að vegakerfið á ákveðnum svæðum landsins þurfi að geta annað tvö til þrefaldri umferð miðað við flesta aðra daga ársins. Annars staðar á landinu er vegum lokað á vetrum og fólki þannig beinlínis meinað að komast ferða sinna. Þessa dagana er mikið rætt um forgangsroðun og að skilgreina grunnþjónustu vegna efnahagsaðstæðna. Ég fæ ekki séð að tvöföldun áður nefndra vega falli undir grunnþjónustu, enda eru samgöngur um þessa vegi með ágætum, þó svo að hún gangi hægar á örfáum álagstímum. Að klára að tengja alla þéttbýlisstaði landsins með nútímalegum vegum er grunnþjónusta.

Sigurður Hreinsson – <http://siggi-hreins.blog.is>



Samdi lag upp úr ársskýrslu Amnesty

Lagið „The animal“ kom Mugison í samband við forsvarsmenn Amnesty International og mun hann í framhaldi af því leika á fimm ókeypis tónleikum í jafnmörgum hverfum New York borgar þriðjudaginn 18. ágúst. Tónleikunum er ætlað að vekja athygli á starfi Amnesty International sem berst fyrir auknum mannréttindum sem og að safna fé fyrir hreyfinguna. Lagið, sem er að finna á nýjustu plötu Mugi-

son, er samið upp úr ársskýrslu Amnesty International.

„Ég bað vin minn að setja mig í samband við þá og segja þeim að þeir mættu eiga þetta lag ef þeir vildu. Eftir nokkra tölvupósta vorum við búnir að búa þetta til með þeim. Ég hlakka mikið til að vinna þetta með þeim. Mér finnst alltaf aðdáunarvert þegar fólk nennir að leggja sitt að mörkum til þess að gera heiminn betri, og heldur það út

til lengri tíma eins og Amnesty fólkið hefur sýnt og sannað,“ segir Mugison.

Ókeyppis verður á alla tónleikana en tekið verður við frjálsum framlögum til styrktar samtökunum. Mugison spilar í hverju hinna fimm hverfa New York-borgar: Á Staten Island kl. 12 á hádegi, í Queens kl. 14, í Bronx kl. 17, á Manhattan kl. 20 og loks í Brooklyn kl. 23.

– birgir@bb.is

Aflaverðmætið rúmur milljarður

Aflaverðmæti frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar ÍS 270 var rúmur milljarður króna á síðasta ári samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Heildaraflí skipsins var rúm 5000 tonn sem er töluverð aukning frá árinu á undan en þá kom

skipið með 4.681 tonn að landi að verðmæti um 785 milljónir króna. Nemur því aflaukningin tæpum 8% milli ára og hefur aflaverðmætið næstum því aukist um fjórðung, eða 24%. Aflaverðmæti Páls Pálssonar ÍS 102, sem einnig er í eigu HG jókst einn-

ig á milli ára. Á síðasta ári nam það rúmum 634 milljónum króna samanborið við 571 milljón króna árið 2007. Þrátt fyrir það dróst heildaraflinn saman um 10% milli ára, en Páll Pálsson veiddi 4.579 tonn í fyrra miðað við 5.054 tonn árið 2007.



Um 84% íbúa á Vesturlandi/Vestfjörðum telja lögregluna mjög eða frekar aðgengilega.

Flestir óttast innbrot

Um 42% svarenda í þolendakönnun Ríkislögreglustjóra í lögregluumdæmum Vestfjarða og Vesturlands, óttast mest að verða fyrir innbroti. Af þeim sem svörðu könnuninni í umdæmunum tveimur óttast 25,7% mest að verða fyrir ofbeldisárás, 5,7% fyrir eignaspjöllum, 5,7% fyrir kynferðisbroti og 5,7% óttuðust að verða fyrir þjófnaði. Um 77,8% svarenda sögðust mjög eða frekar öruggir er þeir væru einir á gangi að kvöldlagi í byggðalagi sínu. 45,3% telja að

umferðarlagabrot séu mesta vandamálið í þeirra byggðarlagi.

Um 84% íbúa á Vesturlandi og Vestfjörðum telja lögregluna mjög eða frekar aðgengilega. Um 32% þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust hafa haft samband við lögreglu af öðrum ástæðum en vegna innbrots/þjófnaðar, ofbeldisbrots, eignaspjalla eða kynferðisbrots. Þá voru um 86% þeirra mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá lögreglunni á síðasta ári.

Polendakönnunin er gerð ár-

lega í samræmi við stefnu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í löggæslumálum til ársins 2011. Í könnuninni er m.a. spurt um öryggstilfinningu almennings í heimabyggð, um þjónustu lögreglunnar og sýnileika hennar. Könnunin var framkvæmd í apríl síðastliðnum, spurðir voru 4.150 manns á öllu landinu, 18-76 ára. Endanlegt úrtak var 3.881 og svarhlutfall 61%. Niðurstöðurnar má nálgast í heild á vef ríkislögreglustjóra.

– thelma@bb.is

Grendýrin varari um sig

Áberandi munur er á hegðun grendýra, paraðra refa með óðul og yrðlinga, og hlaupadýra samkvæmt niðurstöðum rannsókna um áhrif ferðamanna á refi á Hornströndum. „Grendýrin, sérstaklega læðurnar, voru frekar vör um sig og gögguðu til viðvörunar ef ferðamenn voru á leið nálægt grenjum þeirra. Hlaupadýr höfðu meiri tíma og eðli málsins samkvæmt gátu þau leyft sér að eltast við ferðamenn, sníkja af þeim mat og láta taka af sér myndir“, segir á vef Melrakka-setursins. Önnur vinnuvikan í rannsókninni fór fram þegar fjöldi ferðamanna var í hámarki um miðjan júlí síðastliðinn.

Henry Fletcher og Danielle Stollak, nemendur við Háskóla-setur Vestfjarða, framkvæmdu athuganirnar að þessu sinni. Þau

stóðu sig með stakri prýði og sátu vaktina á Hornbjargi í átta klukkustundir á dag í fimm daga samfleytt. Helsta breytingin frá því í júní var sú að sumir refanna í Hornvík voru orðnir ansi spakir og jafnvel ágengir við ferðamennina á meðan aðrir héldu sig í fjarlægð og sinnu sínum afkvæmum og jafnvel forðudust að vera á ferðinni meðan mesta umferðin var um óðul þeirra.

Enn er eftir ein vika af athuguninni og verður þá farið í ágúst og athugað hvernig dýrin haga sér þegar lítið sem ekkert er eftir af ferðamönnum á svæðinu og yrðlingarnir orðnir sjálfstæðir og ekki lengur bundnir við grenin. Rannsóknin er framlag Melrakka-setursins í verkefnið The Wild North.

– thelma@bb.is



Áberandi munur er á hegðun grendýra, paraðra refa með óðul og yrðlinga, og hlaupadýra samkvæmt niðurstöðum rannsókna um áhrif ferðamanna á refi á Hornströndum.

Urðunarsvæðið við Klofning stækkað

Urðunarsvæðið við Klofning í Öndarfirði verður stækkað og er áætlað að það nýtist til ársins 2020 í það minnsta. „Magn úrgangs kemur til með að minnka umtalsvert þar sem stefnt er á betri flokkun úrgangs í sveitarfélaginu. Það eina sem kemur til með að verða urðað er óbrennanlegt sorp frá gámasvæðum og brunaaska frá Funa“, segir greinargerð sem lögð hefur verið fram fyrir umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar. Til stendur að loka þeim hluta urðunarstaðarins við Klofning

sem er að verða fullnýttur. Tré verða gróðursett til að hindra vatnsflæði inn í eldri hluta urðunarstaðarins. Í hlíðum hans er skurður sem hindrar vatnsflæði inn á sorpsvæðið.

Árið 1990 var unnin forathugun á mögulegum urðunarstöðum á norðanverðum Vestfjörðum. Landrými á Vestfjörðum er mjög lítið og virtust eingöngu þrír staðir koma til greina, þ.e. Arnardalur, Bolungarvík og Öndarfjörður. Árið 1994 var unnið mat á umhverfisáhrifum vegna urðunarstaðar við Klofning í Öndarfirði og hefur verið unnið samkvæmt því síðan. Starfsleyfið fyrir fyrsta áfanga urðunarstaðarins rann út 10. júlí. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi verði fullnýttur í lok þessa árs eða byrjun árs 2010. Þriðji og fjórði áfangi munu verða nýttir eftir árið 2020 og áætlað að þeir muni endast til ársins 2059. Rauntímavöktun og stjórnun á því sorpmagni sem fer til urðunar á Klofningi gerir það kleyft að átta sig betur á því hversu lengi urðunarstaðurinn

unaraðar við Klofning í Öndarfirði og hefur verið unnið samkvæmt því síðan. Starfsleyfið fyrir fyrsta áfanga urðunarstaðarins rann út 10. júlí. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi verði fullnýttur í lok þessa árs eða byrjun árs 2010. Þriðji og fjórði áfangi munu verða nýttir eftir árið 2020 og áætlað að þeir muni endast til ársins 2059. Rauntímavöktun og stjórnun á því sorpmagni sem fer til urðunar á Klofningi gerir það kleyft að átta sig betur á því hversu lengi urðunarstaðurinn

komi til með að endast.

Markmið framkvæmdarinnar er að urða ösku frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði ásamt urðun á óbrennanlegum úrgangi frá Ísafjarðarbæ. Ísafjarðarbær er landeigandi og framkvæmdaraðili. Öllum brennanlegum úrgangi er eytt í Funa en gert er ráð fyrir að þar verði sett upp flokkunarstöð með það að markmiði minnka úrgang sem fer til urðunar. Ekki er um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi að ræða við Klofning en mjög líklega þarf að raska óbrotnu landi ef aðrar leiðir verða valdar, það mun því hafa talsverð áhrif á umhverfið. Urðunarstaðurinn er ekki á náttúruminjaskrá og ekki eru þekktar neinar fornminjar á svæðinu né yfirleitt ekkert sem getur talist til trúarlegra og menningarsögulegra verðmæta. Svæðið er girt

af og lokað almenningi, enda ekki gert ráð fyrir að starfsmenn verði á staðnum að staðaldri. Svæðið er á snjóflóðahættusvæði og verða því engin mannvirki byggð.

Frágangur að urðun lokinni verður þannig að svæðið falli sem best að umhverfinu. Urðunarsvæðinu verður lokað og gengið frá hlíðinni að hún falli sem best inn í landslagið. Grasfræjum verður sáð í jarðvegssár og jafnvel annar gróður settur niður. Ekki er áformuð nein nýting á svæðinu að urðun lokinni, þó má gera ráð fyrir að svæðið verði nýtt að einhverju leyti til útivistar. Landslag mun breytast eitthvað frá því sem nú er þar sem verið er að fylla í gamla malarnámu en reynt verður að haga framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði.

– thelma@bb.is



Stækka á urðunarsvæðið við Klofning.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Svövu Hansdóttir

Suðureyri

Sérstakar þakkir færum við öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir góða umönnun

Guðmundur Valgeir Hallbjörnsson	Póra Þórðardóttir
Gísli H. Hallbjörnsson	Málfríður Skúladóttir
Róbert E. Hallbjörnsson	Ósk Bára Bjarnadóttir
Valgerður Hallbjörnsdóttir	Grétar Schmidt
	barnabörn og langömmubörn

87 ára á kajak

Jónína Jóhanna Kristjánsdóttir á Ísafirði brá sér í kajaksiglingu á Pollinum um helgina en 71 ár er liðið frá því að hún sigldi síðast á kajak. Jónína, sem líklega er elsti kajakræðari landsins 87 ára að aldri, segir að hún hafi verið að láta gamlan draum rætast með því að fara á kajak á ný. „Þetta var ekkert mál þegar að því kom, en þetta var nú bara að gamni gert. Það var hann sonur minn sem leyfði mér að láta þennan gamla draum rætast.“ Jónína segir að hún hefði sjálfsagt gert meira af því að sigla hefðu skyldur lífsins ekki komið til, eins og að eiga sex börn og koma þeim á legg. – thelma@bb.is



Jónína Jóhanna Kristjánsdóttir brá sér í kajaksiglingu á Pollinum á Ísafirði. Hér er hún ásamt syni sínum Halldóri Sveinbjörnssyni kajakræðara.

smáar

Til leigu er 3ja herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í Stórholti. Laus strax. Fyrirspurnir sendist á dagny@girding.is.

Til leigu er hlýleg, björt og vel skipulögð 2ja herb. 76m² íbúð á eyrinni til næsta vetrar. Stórar svalir. Nýr svefnsófi og tveir leðurhægindastólar fylgja og jafnvel fleiri húsgögn eða fullbúin íbúð. Reglusemi áskilin. Uppl. í síma 867 6657.

Fjöldi sjóstangveiðimanna til Bolungarvíkur næsta sumar

Von er á fjölda sjóstangveiðimanna til Bolungarvíkur næsta sumar. Um þessar mundir er verið að ganga frá samningum þess efnis við fyrirtækið Arnarhlíð í Bolungarvík og Sumarbyggð í Súðavík. Í júní fór fram

prufukeyrsla á nýrri hugmynd hvað varðar sjóstangveiðiferðamennsku í Bolungarvík. Gaf hún góða raun og eru þessir samningar framhald af því. „Það var allt fullt í prufukeyrslunni í júní og hún heppnaðist einkar vel“,

segir Haukur Vagnsson hjá Arnarhlíð. „Það hefur því verið ákveðið að keyra á þetta frá Bolungarvík næsta sumar og núna er verið að ganga frá samningunum. Í vetur þegar starfsmönnum Ósafls, sem eru í gistingu hjá

okkur fækkar, ætlum við að fara í það að breyta húsnæðinu í hótélíbúðir sem ferðamennirnir, sem eru þýskir, koma til með að gista í.“

Hugmyndin er frábrugðin þeirri starfsemi sem þegar fer fram á svæðinu að því leitinu að ferðamennirnir fara ekki sjálfir á bátunum, heldur verða þeir í fylgd með vönum skipstjóra. Þannig fá þeir meiri þjónustu og upplýsingar um svæðið sem skipstjórinn getur miðlað til þeirra. Voru menn ákaflega ánægðir með þetta fyrirkomulag en meðal þeirra sem komu í prufukeyrsluna voru ferðamenn sem höfðu áður veitt á svæðinu á eigin bát.

Það er mikill hugur í sjóstangveiðinni í Bolungarvík en menn ætla sér að auka fjölda ferðamanna á næstu árum. „Nú höfum við beðið eftir lóðaúthlutunum síðan 8. apríl í fyrra og enn bólar ekkert á svari. Við ætlum okkur að byggja 25 hús á svæðinu undir starfseminni en við ætluðum við að vera búin að byggja árið 2010. Það virðist vera einhver stífla en við vonumst að það leysist sem allra fyrst því við væntum ekki þess að fólk vilji hindra framfarir í ferðaþjónustu í Bolungarvík. Þetta skapar auðvitað miklar gjaldeyristekjur og skiptir okkur því öll miklu máli“, segir Haukur Vagnsson hjá Arnarhlíð..

– nonni@bb.is

Íslendingar fremstir í tölti

Stakkur skrifar

Fyrirsögnin vísar til þess sem hér verður fjallað um. Afleiðingar Icesave, síðspillingar og vanmáttar stjórnsýslunnar á Íslandi þegar kemur að eftirliti með fjármálastarfsemi. Fyrirsögnin er fengin að láni úr Morgunblaðinu síðastliðinn mánudag, 10. ágúst. Blaðið var reyndar að segja frá heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss. En hugrenningatengslin eru þau að Íslendingar eru fremstir í öllu. Þeim hefur tekist hið ótrúlega að halda heimsmeistarmót þar sem einungis er keppt á íslenska hestinum. Það er eðlilegt að þjóð sem lengi hefur trúað því að íslenski hesturinn sé alveg sérstakur og það svo að lengi hafa verið haldin honum heimsmeistaramót til heiðurs.

Þjóð sem hefur þessa trú er líkleg til að sigra á fleiri sviðum. Íslensk bankastarfsemi blés út eins og loftbelgur úr 17. júní blöðru. Þegar alvanir bankamenn í útlöndum settu fram efasemdir hét það öfund. Enginn skilur Íslendinga. Við erum fremst og bestir í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Skilyrði er að vísu að við segjum sjálf frá. Nú stöndum við á þeim tímamótum að eiga enga vini nema Færeyinga og Evu Joly. Aðrir hafa yfirgefið okkur og sjá sér nú hag í því að hefna gamalla harma. Bretar ætla að jafna um ósigur í hverju landhelgisstríðinu á fætur öðru. Norðurlöndin hefna

uppivöðslu á fjármálamörkuðum. Bandaríkjamenn hafa haft af Íslandi þau not sem þeir vildu um áratugaskeið og hafa kastað okkur fyrir róða líkt og hjákonu sem er farin að láta á sjá, orðin hrukkótt og vekur ekki lengur addáun.

Íslenska þjóðin er vinalaus með tveimur undantekningum. Ríkisstjórnin hefur reynt að blekkja þjóðina til fylgis við Evrópusambandið vegna þess að þar séu vinir okkar. Dæmi hver fyrir sig. „Vinir“ okkar á Norðurlöndum vilja ekki koma til hjálpar nema að við borgum Icesave með þeim afarkjörum sem sendimenn Íslands hafa samið um. Sterkasti ráðherra ríkisstjórnarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, vill að við borgum möglunarlaust. Hann hefur þó sýnt ýmsa góða takta á öðrum sviðum, þótt margir hafi orðið fyrir vonbrigðum með afstöðuna til Evrópusambandsins. Þetta gerir hann allt að eigin sögn til að halda Sjálfstæðisflokknum frá völdum. En til þess þarf ekki hjálp. Sjálfstæðisflokkurinn mun sjálfur sjá um að komast ekki til valda.

Við þessar aðstæður á vinalaus þjóð með uppblásið sjálfstraust ekki aðra leið út úr vandanum en að bjarga sér á tölti. Við töltum áfram í sjálfsánægju okkar, þurfum ekki vini og lifum þetta áfall af eins og önnur.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Hluti bílhræjana að Garðstöðum í Ögurvík. Ljós: Anton Helgason.

Aðgerðir vegna bílhræja á Garðstöðum í Ögurvík væntanlegar

Allt bendir til að Súðavíkurreppur þurfi að fara út í aðgerðir til að fækka þeim rúmlega 500 bílhræjum sem standa á landareigninni að Garðstöðum í Ögurvík í Ísafjardardjúpi. Polinmæði bæjaryfirvalda í Súðavík er nú á þrotum eftir margra ára deilur. Ekki er útilokað að hreppurinn fjarlægji bílhræin á kostnað landeigandans, Þorbjörns Steingrímssonar, sem ekki hefur staðið við samkomulag þess efnis að fjarlægja bílhræin, að mati sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, fólst samkomulagið, sem var gert í byrjun árs 2006, í sér að Þor-

björn myndi fækka bílhræjum á eigninni í 60 fyrir haustið. „Hann óskaði því næst eftir lengri frest vegna þess hvað þetta reyndist mikil vinna og var gefinn frestur til haustsins 2008. Haustið 2008 höfðu litlar sem engar breytingar átt sér stað og var Þorbirni gert grein fyrir því að yrði ekki veruleg breyting á á næstu tólf mánuðum, myndum við líta svo á að hann starfaði ekki með okkur í því markmiðið að fækka bílum á jörðinni,“ segir Ómar Már.

Í sumar var ákveðið að fela Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða það verkefni að telja bílhræin og gefa skýrslu um málið. Niðurstaða þeirrar talningar leiddi í

ljós að hræjunum hafði ekkert fækka. „Er það miður að ekki hafi náðst að framfylgja því samkomulagi sem gert var upphaflega“, segir Ómar Már. Í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins kemur meðal annars fram að 503 bílhræ séu á landareigninni, eða nákvæmlega jafn mörg og fyrir ári. Í skýrslunni segir einnig að bannað sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða eða mengun á umhverfinu.

Súðavíkurhreppur hefur leitað álits lögfræðinga og álits frá umhverfisráðuneytinu og í ljós hefur komið að skýrar heimildir eru fyrir því að Súðavíkurhreppur

hreinsi svæðið á sínum eigin forsendum og á kostnað landeiganda, sé ekkert gert í málinu. Að sögn Ómars Más eru einnig heimildir fyrir eignarupptöku til að ná upp í kostnað, náist hann ekki á annan hátt. „Ég tel að allar samvinnuleiðir hafi verið reyndar til hins ítrasta en málið hefur bara versnað. Þegar fyrri leiðir hafa brugðist, verður við að reyna aðrar leiðir“, segir Ómar.

Jörðin er skráð sem landbúnaðarjörð og er ekki leyfi fyrir partasölu eða annarri iðnaðargrein á jörðinni og því stangast starfsemin á Garðstöðum á við aðalskipulag Súðavíkurhrepps. „Með starfseminni sem þarna fer

fram er verið að brjóta margvísleg lög og reglugerðir. Ekkert starfsleyfi er fyrir hendi og þarna er meðhöndlaður hættulegur úrgangur eins og olía og rafgeymar. Í þeim er mikil sýra sem mikil spilling getur hlotist af. Það getur því enginn kvittað upp á að frágangur á þessu sé í lagi. Þá er mikil sjónmengun af hræjunum og ég efast um að það séu margir til sem vildu horfa upp á þetta í næsta nágrenni við sig. Þeir sem vilja vera með partasölu verða að vera með leyfi og starfrækja hana undir umsjón heilbrigðiseftirlitsins“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri.

– nonni@bb.is

Landeigandinn segir mikið magn hafa verið hreinsað frá Garðstöðum

Gríðarlegt magn af bílhræjum hefur verið hreinsað burt frá Garðstöðum síðastliðið ár að sögn Þorbjörns Steingrímssonar, landeiganda á Garðstöðum, ólíkt því sem segir í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða sem unnin var fyrir Súðavíkurhrepps fyrir stuttu. Eins og greint hefur verið frá íhugar Súðavíkurhreppur að hreinsa svæðið á kostnað landeiganda, en deilur um bílhræ á Garðstöðum hafa staðið yfir í nokkur ár. Samkvæmt skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins er bílhræin nú 503 sem er sami fjöldi og fyrir ári síðan þegar Þorbirni var gert að fækka bílunum.

„Það er búið að taka 20 tonn af

dekkjum og 508 tonn af brota-járni héðan á einu ári“, segir Þorbjörn. „Svo er bílatalan engan veginn rétt, ég hef nú ekki séð skýrsluna sjálfa þannig að ég get ekki svarað fyrir hana fyrr en ég veit hvað er verið að tala um. Ég veit bara það að Hringrás er búin að taka alveg gríðarlegt magn, um tvo gáma á viku í þrettán mánuði. Þetta er svo auðvitað að koma héðan úr Súðavík og af öllu svæðinu hérna í kring.“

Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, var upphaflega samþykkt árið 2006 að fjölda bíla á svæðinu skyldi fækkað niður í 60 en frestur til þess hafi svo verið fram-

lengdur fram á síðasta ár. „Það er enginn sem segir mér að ég megi eiga 60 eða 100 bíla eða eitthvað annað“, segir Þorbjörn. „Það eru engin lög sem segja til um það óháð einhverju samkomulagi. Það var jú talað um þetta en það er ekkert sem segir mér hvað ég má eiga.“ Þorbjörn segir þó að unnið verði áfram að því að hreinsa svæðið líkt og gert hefur verið, en hann vill engar tímasetningar gefa um hvenær þeirri vinnu verður lokið. „Þetta er bara í þessum farvegi. Ég get ekkert sagt til hvenær það verður. Það er eitthvað tekið héðan í hverri viku, ég get ekkert nefnt neina dagsetningar á því hvenær því

lýkur og klukkan hvað eða hvaða ár.“

Þorbjörn hefur ekki miklar áhyggjur af áformum Súðavíkurhrepps um að hreinsa svæðið á eigin forsendum og rukka hann, en einnig hefur verið nefnt að hugsanlega verði farið í upptöku á eignum verði það ekki greitt. „Ég hef ekki einar einustu áhyggjur af þessu“, segir Þorbjörn. „Þeir hafa ekkert leyfi til að fara á þetta land fyrir það fyrsta, þetta er í einkaeigu. Þeir hafa fengið lögfræðialít en ég hef líka leitað mér upplýsinga um hvaða rétt ég hef og þeir hafa engan rétt á að taka eitt eða eitt. Þetta er allt í minni eigu og þeir geta ekki mætt

bara einn daginn án þess að hafa nokkuð. Þeir vita betur en þetta.“

Ein ástæða deilnanna í gegnum árin eru áhyggjur af mengun er bílum fylgir olía og rafgeymar sem innihalda hættulega sýru. Þorbjörn segir áhyggjurnar vera ástæðulausar en farið sé eftir vinnuaðferðum Hringrásar þegar tekið er við bílunum. „Ég vinn þetta eftir þeirra reglum og tek úr bílunum olíuna og rafgeymana og set það í gáma, þeir vilja ekki hafa þetta öðruvísi. Það eru engir rafgeymar í þessum bílum og það er ekki meiri mengun af þessum bílum en öllum öðrum bílum á svæðinu“, segir Þorbjörn.

– nonni@bb.is

Life still



Laufey (til vinstri) ásamt félaganum sínum, Lilju Jónsdóttur.

Æfði strandblak í hagléli

Laufey Björk Sigmundsdóttir frá Þingeyri tók þátt fyrir hönd Íslands í strandblaki á Smáþjóðaleikunum á Kýpur í júní. Þrátt fyrir að strandblakið teljist tæpast til sterkustu íþróttagreina Íslendinga stóðu Laufey og félagi hennar sig með þrýði og höfnuðu í fimmta sæti eftir spennandi keppni. Laufey hefur í áratug æft blak en segir öðruvísi stemmningu ríkja yfir strandblakinu.

– Hvað kom til að þú fórst út í strandblak? „Ég hef spilað blak í tíu ár og prófaði fyrst strandblak úti í Danmörku þegar ég fór þangað í íþróttalýðháskóla árið 2004. Fyrsti almennilegi strandblakvöllurinn héraðslendis var settur upp í Kópavogi um það leyti og þar hef ég aðeins verið að leika mér. Einnig er rosalega fín aðstaða á Þingeyri og fleiri stöðum á landinu. Það eru nokkur mót

haldin á hverju sumri og ég hef tekið þátt í flestum með hinum og þessum félögum. Síðasta sumar keppti ég með Lilju Jónsdóttur og við urðum Íslandsmeistarar og unnum þar með þátttökurétt á Smáþjóðaleikana sem haldnir voru á Kýpur í júní. Við ákváðum að henda okkur út í þetta af fullum krafti og völdum strandblakið fram yfir inniblakið. Við sáum ekki eftir því en þetta hefur verið

rosa gaman. Strandblakið er ólíkt inniblakinu að því leyti að einungis tveir eru í liði og öðruvísi reglur. Stemmningin er líka öðruvísi.“

– Strandblakið er nú frekar óvenjuleg íþrótt fyrir Íslendinga, er það ekki? „Jú, það var þínu sjokk að fara út í vor. Við byrjuðum að æfa okkur úti í apríl en mótið sjálft fór fram í byrjun júní. Við fórum því gegnum allan veðurpakkann, hagléli, lárétta rigningu og allt það. En svo kom vikulangur hlýindakafla sem kom sér vel því þegar við komum út til Kýpur og byrjuðum að æfa okkur fengum við afnot af vellinum um miðjan dag þegar hitinn var á bilinu 30-40 stig. Sandurinn sjálfur var 60 gráður og maður gat því ekki stigið í hann. Það tók nokkra daga að venjast þessu en síðan var þetta fínt. Maður þurfti bara að passa vel upp á drekka vel af vatni og annað slíkt. Maður hefði þó viljað hafa fengið aðeins lengri undirbúnings tíma og æfingaleiki. Við fundum líka aðeins fyrir reynsluleysi á móti hinum þjóðunum sem hafa æft íþróttina lengur. Það var því þínu byrjendastress í manni en við urðum betri með hverjum leik.“

– Gekk ykkur samt ekki vel? „Jú, okkur gekk nokkuð

vel. Við enduðum í fimmta sæti en við hefðum alveg viljað að hafa lent ofar. Liðin voru frekar jöfn og ég held að við höfum staðið nokkuð jafnfætis við hin. Við klúðruðum einum leik og vorum einu stigi frá því að komast í undanúrslitin. Það var mjög svekkjandi. Við vorum búnar að vera með yfirhöndina í leiknum og allir héldu að við værum búnar að vinna en okkur tókst svo að klúðra því á endasprenntinum og tapa niður stóru forskoti. En ég held að ef okkur hefði tekist að komast í undanúrslitin hefði okkur gengið ágætlega þar. Þetta var samt mjög skemmtilegt og gaman að taka þátt í þessu. Það er svo skemmtileg stemmning sem myndast þegar maður er úti í góða veðrinu að horfa á og taka þátt í strandblaki. Þar sem bara tveir eru í liði myndast líka allt öðruvísi tengsl á milli liðsfélaganna heldur en í inniblak. Maður kynntist líka mjög vel hinum liðunum og þjálfurum þeirra. Þetta er allt mun smærri og nánara en þegar maður er í stærra liði í inniblakinu. Maður er því kominn með tengsl við hinar smáþjóðirnar og verið er að tala um mót í hinum og þessum löndum. Vonandi verður bara eitt-hvað úr því.“



Laufey (í blágrænu) að keppa fyrir hönd Íslands. Myndir: Karl Sigurðsson.

Kjúklingakarrý og Naan-brauð

Sælkeri vikunnar, og sá annar í röðinni í hinu alþjóðlega þema Bæjarins besta, er Shiran Þórisson á Ísafirði. Móðir Shirans kemur frá Sri Lanka og berréttur vikunnar sterkan keim af því. Shiran býður upp á blöndu af matargerð frá Sri Lanka og nágrennum þeirra á Indlandi, en margt er líkt með matargerð landanna. Bæði lönd draga mikil áhrif frá nýlenduherrum landanna í gegnum tíðina sem og erlendum kaupmönnum sem sigldu um svæðin, en karrí er þó meginuppistaða í matargerðinni eins og flestir vita. Þessi karriréttur er ljúffengur en einfaldur, en hægt er að hagræða sterka kryddinu eftir því hvort fólk vill réttinn sterkan eða mildan. Einnig fylgir uppskrift af hinu klassíska naan-brauði sem er ómissandi með góðu karrí.

Kjúklingakarrý með spínati og kartöflum.

Fyrir 4-5

800 gr. af niðurskornum kjúklingabringum.
4 meðalstórar kartöflur



Handfylli af grófsöxuðu spínati
400 gr. af hrísgrjónum



Karrý grunnur
2 fínsaxaðir laukar
4 fínsöxuð hvítlauksrif
1 matskeið af engifer rífið niður
1 grænn chili pipar fínsaxaður
1 matskeið kóríander
1 matskeið cumin
1 matskeið
2 matskeiðar af Pataks yellow curry paste
1 matskeið af Turmerik
1 kanilstöng
1 lítri kjúkingasoð
1 dós kókosmjólk

Sjóðið hrísgrjón í potti. Forsteikið kjúklingastrimlana á pönnu og geymið í skál. Flysjið kartöflur og skerið niður í teninga í munnbita stærð. Skellið í sjóðandi saltvatn í 5 mín, sigtið og geymið í skál. Steikið allt grænmeti fyrir karrýgrunn, krydd, kryddmauk og kanilstöng á stórrí pönnu eða í potti. Steikja í 5 mínútur eða

þangað til að laukur er orðinn vel mjúkur. Bætið svo við kjúklingasoði, og látið sjóða í 5 mínútur. Bætið svo við kartöflunum sem búið var að forsjóða ásamt kjúklingnum sem búið var að forsteikja og grófsöxuðu spínati, látið malla í 5 mínútur. Bætið svo við 1 dós af kókosmjólk og látið malla í 5 mínútur.

Naan-brauð

200 ml mjólk
2 msk sykurl
1 poki þurrger eða 5 tsk



Sælkeri vikunnar er Shiran Þórisson á Ísafirði sem á ættir að rekja til Sri Lanka.

600 gr hveiti
1 tsk salt
2 tsk lyftiduft
4 msk ólífuolía
1 dós hrein jógúrt (180g)
25 gr smjör
1-2 hvítlauksrif, smátt söxuð búið af fersku kóríander

Setjið ger og sykurl saman í skál og hellið volgri mjólk yfir. Látið standa í 15 mín. Blandið síðan hveiti, salti, lyftidufti, olíu og jógúrt saman við germjólkina. Hnoðið deigið þar til það verður mjúkt og bætið við hveiti ef ykkur finnst það og blautt. Látið

deigið hefast í skál í 1 klst. við stofuhita. Hitið ofninn í 275°C eða 210-220 blástur. Skiptið deiginu í 10 hluta og hnoðið kúlur úr þeim. Fletjið síðan kúlurnar út nokkuð þunnt og raðið brauðunum á plötuna sem er klædd bökunarpappír og bakið þau í 5-7 mínútur. Þið getið líka bakað þau á efri grind á gasgrili. Bræðið smjörið í potti, bætið hvítlaukunum út í og dreypið því strax yfir heit brauðin. Klippið kóríander síðan yfir allt saman. Berið strax fram meðan brauðin eru heit.

Berið fram með hrísgrjónum.



Púkarnir grilluðu dýrindis grillmat í veislunni. Frá vinstri: Þorsteinn Jóhannesson, Kristinn Halldórsson, Sigurður B. Hjartarson og Sverrir Halldórsson.

Gleði í Hlíðarvegspúkapartýi

Um 120 núverandi og fyrrverandi íbúar við Hlíðarveg á Ísafirði komu saman á laugardag í svo kölluðu Hlíðarvegspúkapartýi en veislan var sú tólfra í röðinni. Þeir gerðu sér glaðan dag, grilluðu, sungu og fóru í leiki með börnunum. Sigurður R. Guðmundsson, múrarameistari á Ísafirði og Hlíðarvegspúki, segir hátíðina hafa gengið einstaklega vel. Byrjað var á því að heiðra fimm Hlíðarvegspúka, þá Ólaf Eyjólfsson, Kristján Finnbogason, Stíg Stígsson og frú og Helgu og Rafn í Odda „Það var mjög gaman í veislunni. Við fengum smávergis skúr á okkur



en það ringdi sama sem og ekki neitt,“ segir Sigurður.

Hann segir að þegar mest hafi verið mætt í veisluna hafi 208 skráð sig í gestabók og þá er yngstu börnin ekki talin með. Forvitnir púkar streymdu svo að veislunni þegar borðhaldi er

lokið og segir Sigurður marga brottflutta Ísfirðinga hafa litið við en ekki skráð sig í gestabókina. „Það voru margir þarna sem kíktu við eftir að hafa komið úr göngu norður á Strandi. Það var mjög gaman að fá þetta fólk,“ sagði Sigurður.





FYRIR ALLA SEM
GRILLA



15 GRILLSETT

Lukkunúmer
í lokinu!

GÆFURÍKT GRILLSUMAR!

Taktu þátt í grilleik MS og þú gætir unnið glæsilegt Weber grill eða grillsett.
Kauptu dós af sýrðum rjóma frá MS, farðu á www.ms.is, sláðu inn lukku-
númerið sem er í lokinu og þú færð strax að vita hvort þú hefur unnið.



3 WEBER GASGRILL



20 GJAFAKÖRFUR FRÁ MS



10 WEBER SALT-
OG PIPARKVARNIR

Ég grilla til að vinna – sýrður rjómi, þverröndöttur bolur, alpahúfa, kvartbuxur ...

www.gottimatinn.is